



Tíunda smáforritið í jólaþema 2017 er ThingLink

<http://www.thinglink.com/>. Ég valdi það af því ég fékk eftirfarandi spurningu um daginn frá vinkonu minni „Af hverju ertu með jóladagatalið í PDF skjölum?“. Svar mitt var af því þetta er partur af stærra verkefni sem ég er með í huga og mun verða opinbert síðar.

Þess vegna vatt ég mér í að útbúa rafrænt dagatal með forritinu ThingLink.

ThingLink er eins og fleiri smáforrit einfalt og þægilegt í notkun. Það er veflægt sem og smáforrit fyrir [iOS](#) og [Android](#) tæki. Forritið sem er ókeypis (upp að vissu marki) gerir notanda kleift að setja miklar upplýsingar inn á ljósmynd eða myndskleið. T.d. staðarheiti á korti, leiðbeiningar, kynningarmyndskleið, verkefnalýsingar, og hverskyns upplýsingar.

Jóladagatal unnið í ThingLink: <https://www.thinglink.com/scene/997988101999558657>

Á eftirfarandi slóð er sýnishorn af verkefni unnu í ThingLink tengt dönskukennsu:

<https://www.thinglink.com/scene/781031934896635904>

Dæmi um notkun:

- Skýringar á landakorti
- Leiðbeiningar með forritum
- Ratleikur
- Bekkjarmynd, með nöfnum
- Kynningar
- Þýðingar
- Orðskýringar
- O.fl.

Hugmyndina að jóladagatalinu fékk Shelly Sanchez Terrell sjá:

<http://teacherrebootcamp.com/2017/11/24/digitalcalendar2017/>